

veitunnar er ekki sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrir-tækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem hefur verið lokað af ofangreindum ástæðum.

### 13. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar. Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyf-ingar hávaða frá dælu.

### 14. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að ekki sé hætt á, að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimil er öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinun á vatni í vatns-veituæð eða heimæð.

### 15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

### 16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-berra mála.

Reglugerð þessi, sem er samín og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps nr. 36 frá 24. mars 1958.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Hvammstanga.

### 1. gr.

**Almennur vatnsskattur.**

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hvammstangahrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Hvammstangahrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkv. þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við að steypa efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Hvammstanga, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að vera vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkv. bókum byggingarfulltrúans á Hvammstanga.

#### 2. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu, ef óskað er.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 8.00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 913 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka árlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni, þó ekki meir en 50% án samþykkis ráðuneytisins sbr. f. lið 4. gr.

#### 3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 1 000.00 árlega.

#### 4. gr.

Auk almenns vatnsskatts samkv. 3. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn sem hér segir:

Á fasteignir, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota, t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu svo sem frystihús, baðhús, stundlaugar, þvottahús, efnalaugar, þvottastöðvar, mjólkurbú, mjólkurbúðir, sláturhús, kjötvinnsla, fiskvinnslustöðvar, brauðgerð, veitingahús, og annar iðnaður, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar, skal hinn árlegi vatnsskattur greiddast með allt að 100% álagi samkv. nánari ákvörðun hreppsnefndar. Skyld er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggi fyrir fasteignamat eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir auk vatnsskatts:

- a. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 2.00, á hvern kálf yngri en 6 mánaða kr. 10.00, en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 30.00.
- b. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- c. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 25.00 á hverja eitt þúsund litra af innveginni mjólk.
- d. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
- e. Fyrir hverja smálest vatns, er selt er eftir mæli, kr. 5.00.
- f. Hreppsnefnd getur hækkað að lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

#### 5. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið að selja þeim vatn um mæli, skv. 4. gr. e lið.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og ákveður ársleigu fyrir þá.

#### 6. gr.

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

#### 7. gr.

#### Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 4. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með löðveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1973.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*